

Nd.

234. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Næstu 10 ár frá gildistöku laga þessara skal:

- a. þúfnasléttun í túni styrkt með 100% hækkun frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 10. gr. laganna;
- b. venjuleg nýrækt, þar með talin nauðsynleg framræsla, styrkt með 100% álagi frá því, sem ákveðið er í 9. gr. laganna, ásamt verðlagsuppbót (sbr. 10. gr.), þar til býli það, er styrks nýtur, hefur 600 hesta (100 kg) heyskap á véltæku landi í meðalári;
- c. greiða 50 kr. á hektara ásamt verðlagsuppbót fyrir sléttun engjalanda á þeim býlum, sem hafa ekki 600 hesta heyskap á véltæku landi.

Hámarksákvæði 11. og 13. gr. laganna taka ekki til framkvæmda samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands um nánari fyrirmæli viðvíkjandi mælingu túnhýfis og úttekt þessara jarðabóta til styrkgreiðslu, og skal þar m. a. ákveða reglur um, við hvaða stærð 600 hesta heyskaparland á túni og engjum skuli miðast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur verið flutt á nokkrum undanförunum þingum, en ekki náð fram að ganga. Hefur þá fylgt því ýtarleg greinargerð, sem hér verður ekki tekin upp, en vísast til fyrir þá, sem vilja og þurfa að rifja upp fyrir sér gang málsins. Til áréttingar því, sem áður hefur verið sagt um nauðsyn þessa máls, skal þetta látið nægja nú:

Það kemur æ skýrar í ljós með hverju ári, sem liður, að íslenska landbúnaðinum og þar með íslenzku þjóðinni er það óumflýjanleg nauðsyn að koma ræktunarmálunum sem fyrst á það stig, að allur hefyngur bænda verði tekinn á véltæku, ræktuðu landi. Til þess að svo megi verða, er óhjákvæmilegt, að þar leggist á eitt bændurnir í landinu og þjóðfélagið í heild, sem einnig nýtur ræktunarinnar og býr að henni lengur en hinir einstöku bændur, sem að henni standa og mest leggja á sig um framkvæmdina. Það, sem við flutningsmenn þessa frv. teljum, að fylgja þurfi af hálfu ríkisins í kjölfar þeirra umbóta í ræktunarmálunum, sem nú hafa fengið með samþykkt laganna um ræktunarsamþykktir og framkvæmd þeirra, er sérstakur stuðningur með hækkun jarðræktarstyrksins til þeirra býla, sem af einhverjum ástæðum hafa orðið aftur úr með ræktunina, — og veitist sá auka-styrkur, unz býlið hefur náð einhverju lágmarki ræktaðs lands, og miðum við hér við land, sem gefi af sér allt að 600 hestum í meðalári.

Um breytingar þær, sem undanfarið hafa orðið á ræktunaraðstöðunni annars vegar og jarðræktarstyrknum hins vegar, viljum við segja þetta: Því verður ekki á móti mælt, að aðstaðan við ræktunina hefur allmjög batnað þar, sem hægt er að koma við hinum stórvirku jarðræktartækjum. En því miður á það nokkuð í land, að það sé alls staðar á landinu. En svo er og þess að geta, að jarðræktarstyrkurinn er nú og hefur undanfarið verið greiddur með hinni víðurkenndu visitöluuppbót, eða styrkurinn þrefaldaður, þó að öllum sé það vitanlegt, að öll verkamannavinnna við jarðræktina hefur 6—10-faldast frá því að grunnstyrkur sá, sem miðað er við í jarðræktarlögum, var ákveðinn. Mun því ekki fjarri sanni, að þar, sem hin nýju og bættu jarðyrkjutæki hafa verið tekin í notkun, vegi það nokkuð salt á móti hinum stórum hækkuðu vinnulaunum. En þar, sem þeim hefur ekki orðið við komið enn, nema þá að litlu leyti, — og það mun því miður vera svo allvíða einmitt meðal þeirra bænda, sem skemmst eru á veg komnir með ræktun, — þar er hlutfallið nú á milli ræktunarkostnaðar og jarðræktarstyrks stórum óhagstæðara en var fyrir styrjöldina.

Nánar í framsögu.